

## Hrönn Jónsdóttir

---

**From:** Jóhannes Á. Jóhannesson <johannes.a.johannesson@samband.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 27. september 2022 14:38  
**Subject:** Hvatning frá Samtökum orkusveitarfélaga

Góðan dag

Þessi póstur er sendur á aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga.

Kæru sveitarstjórnir,

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hefur á undanförunum fundum rætt um mögulegar áherslur aðildarsveitarfélaga SO gagnvart vinnu starfshóps sem umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðherra hefur skipað til að móta tillögur um fyrirkomulag vindorkunýtingar.

Í skipunarbréfi umrædds starfshóps eru settar fram ákveðnar lykilspurningar sem sveitarstjórnir eru hvattar til að taka afstöðu til:

- **Hvort rétt sé að virkjunarkostir í vindorku heyri áfram undir lög nr. 48/2011, um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, eða að þeir verið undanskildir þeim lögum, en að settar verði sérreglur um meðferð slíkra virkjunarkosta.**

*Vilja sveitarfélög að virkjunarkostir í vindorku heyri áfram undir lög nr. 48/2011, um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða með breytingum? Vilja sveitarfélög að sett verði sérlög um meðferð virkjunarkosta í vindorku? Hvernig er best að hafa hlutina þannig að til verði heildstætt lagaumhverfi um byggingu og starfsemi vindorkuvera?*

- **Hvernig haga eigi samspili hagnýtingar vindorku og skipulags- og leyfisveitingarferli þegar í hlut eiga viðkvæm svæði eða viðkvæmir þættir, eins og áhrif á náttúrufer og friðlýst svæði, fuglalíf, ferðamennsku, grenndarrétt eða önnur sjónarmið.**

*Hvernig sjá sveitarfélög fyrir sér skipulags- og leyfisveitingarmál, eiga þau að vera eins eða á að breyta þeim? Hvernig á að passa upp á náttúrufer og friðlýst svæði, fuglalíf, ferðamennsku, grenndarrétt eða önnur sjónarmið þegar leyfð eru vindorkuver á tilteknum svæðum? Ætti ákveðin svæði að vera útilokuð frá því að þar verði sett upp vindorkuver og á hvaða forsendum yrði það helst gert?*

*Eiga sveitarfélögin að setja sér auðlinda- og orkustefnu eða vindorkustefnu, er það til nú þegar? Þurfa ákvarðanir um staðsetningu vindorkuvera að byggja á hlutlægni aðferðafræði þar sem lögð er áhersla á að vindorkuver falli vel inn í landslag og manngert umhverfi?*

- **Hvernig ná eigi fram þeirri áherslu í stjórnarsáttmála að vindorkuver byggist helst upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum.**

*Eiga sveitarfélögin að vera með stefnu í aðalskipulagi um að vindorkuver séu eingöngu á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum? Á að vera hægt að hleypa aðilum að sem vilja setja upp 1-2 vindmyllur? Kæmi til álita að setja upp vindorkuver í landshlutum þar sem raforkuskortur er fyrir hendi til að jafna skilyrði til búsetu og atvinnurekstrar? Vilja sveitarfélögin leyfa vindorkuverum að byggjast upp fjarri tengivirkjum og flutningslínunum?*

- **Hvernig ná megi fram sem breiðastri sátt um hagnýtingu vindorku meðal landsmanna eins og einnig er fjallað um í stjórnarsáttmála.**  
*Ættu sveitarfélögin þar sem vindorkuverin rísa að fá aðrar tekjur en fasteignaskatt? Þyrftu þau t.d. að hafa eitthvað um orkunýtingu að segja frekar en að öll orkan fari úr sveitarfélaginu eins og hefur gerst sumsstaðar?*
- **Hvort horfa eigi til þess að hið opinbera hafi með höndum einhvers konar forgangsroðun einstakra virkjunarkosta, heildarfjölda eða heildarstærð leyfðra vindorkuvera eða setji aðrar mögulegar skorður við vindorkunýtingu og fyrirkomulagi vindorkuvera.**  
*Vilja sveitarfélögin sjálf hafa eitthvað um forgangsroðunina að segja?*
- **Hvernig rétt sé að haga ákvörðunar- og leyfisveitingarferli virkjunarkosta í vindorku.**  
*Á að breyta núverandi kerfi þar sem sveitarfélögin hafa skipulagsvaldið? Eiga að vera samsvarandi ferlar um leyfisveitingar og gagnvart öðrum virkjunum?*

Jafnframt væri gagnlegt ef sveitarstjórnir myndu upplýsa starfshópinn um eftirfarandi atriði:

- Hvort stefna um vindorkunýtingu hafi verið samþykkt í aðal- eða svæðisskipulagi sveitarfélaga, svo sem um landsvæði sem hentað geti til slíkrar landnýtingar eða almennar línur um hvaða skilyrði slík starfsemi þurfi að uppfylla
- Hvort áform séu um að vinna eða endurskoða slíka stefnu á því kjörtímabili sem nú er hafið
- Hvort mikil ásókn sé í að virkja vindorku í viðkomandi sveitarfélagi
- Hvort afstaða íbúa hafi verið könnuð til slíkra áforma
- Hvort sveitarstjórn hafi almennt mótað sér afstöðu til vindorkunýtingar
- Önnur atriði sem sveitarstjórn telur skipta máli

Starfshópurinn sendi erindi til allra sveitarfélaga í ágústmánuði þar sem kallað var eftir afstöðu sveitarstjórna til m.a. þessara álitaefta. **Nokkur sveitarfélög hafa þegar brugðist við og sent starfshópnum sjónarmið en stjórn SO hvetur fleiri sveitarfélög til að bregðast við erindinu og senda sín sjónarmið.**

**Nú er tækifæri hjá sveitarfélagunum til að hafa eitthvað um málið að segja.**

Vert er að nefna að á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður 28.-30. september er lögð fram tillaga að stefnumörkun fyrir það kjörtímabil sveitarstjórna sem nú er hafið. Þar segir m.a.:

- Í stefnumörkun stjórnvalda í raforkumálum verði áfram lögð rík áhersla á náttúruvernd en einnig verði lagt mat á samfélagleg og efnahagsleg áhrif virkjana ásamt þörf fyrir raforkuöryggi um allt land. (8.12)
- Sambandið beiti sér fyrir því að ferlið við gerð og samþykkt rammaáætlunar verði tekið til gagnarrar endurskoðunar (8.14)
- Mótuð verði stefna og lagaumhverfi um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera (8.15)

Þótt þessi stefnumið séu fremur almenn má greina í þeim vilja til úrbóta á núverandi lagaumhverfi orkumála ásamt því að þörf sé á skýrari stefnu og reglum um vindorkunýtingu. Stjórn SO telur afar mikilvægt að Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök orkusveitarfélaga og einstök sveitarfélög láti raddir sveitarstjórnarstigsins heyrast í tengslum við vinnu starfshópsins. Liður í þeirri vegferð er að sveitarfélögin sendi sjónarmið til starfshópsins en í framhaldi má vænta þess að starfshópurinn muni óska eftir frekara samtali við þau sveitarfélög sem láta sig málið varða.

Er sveitarfélögum sem vilja svara bent á að senda sjónarmið sín um ofangreind atriði til starfshópsins í netfangið [vindorka@urn.is](mailto:vindorka@urn.is) og afrit á Guðjón Bragason [gudjon.bragason@samband.is](mailto:gudjon.bragason@samband.is) hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Bestu kveðjur**

**Ása Valdís Árnadóttir**


Oddviti

Sími: 480-5500

Netfang: [oddviti@gogg.is](mailto:oddviti@gogg.is)  
Veffang: [www.gogg.is](http://www.gogg.is)  
Borg 805 Selfoss  
[Skilmálar/Disclaimer](#)



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR



Jóhannes Á. Jóhannesson  
iðnaðartækniþræðingur  
Netfang: [johannes.a.johannesson@samband.is](mailto:johannes.a.johannesson@samband.is)

Samband íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.